

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

Skógarvörðurinn á Austurlandi

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

S T A R F S S K Y R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 6 6

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

Sigurður Blöndal

mmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1966.

mm

I. Veður og vöxtur.

1. Veðurfar.

Páll Guttormsson skrifar eftirfarandi tíðarfarsyfirlit um árið 1966:

I ársbyrjun var 30 cm pykkur snjór á jörðu. 5. janúar gekk í hláku. Leysti þá snjóinn hér um bil í neðra. Hinn 17. kólnaði aftur og héldust kuldarnir til 3. apríl. A því tímabili var bíðviðri í 2 sólarhringa. En frá 13. nóv. 1965 til 3. apríl 1966, er kuldatíma-bilið varaði, var bíðviðri í 10 daga.

Um 1 cm pykkur snjór féll, er hann gekk á með snjóéljum upp úr miðjum janúar. Og svo ekki teljandi, fyrr en byrjaði að snjóa hinn 27. jan., að snjóaði í samfleytt 4 daga. Vindhraði náði pessa daga 8 vindstigum. Snjóðýptin var 65 cm hinn 30. jan., en heildarúrfelli pessa 4 daga var um 120 mm.

Hinn 21. febrúar var úrfellið 14 mm bræddur snjór. Þá var snjó-dýptin hér 70 cm.

Hinn 23. marz var norðan 8 vindstig og aðfaranótt 1. apríl norðan 9 utnátil í skóginum.

Eftir að tók að hlýna hinn 3. apríl var hlákan mjög hæg og jöfn í mánuðinum og vatnavextir fylgjur litlir. Jörð var orðin alauð 24. apríl. Og byrjaði að koma vorgróður hinn 23. I apríllok voru orðnir um 20 cm bíðir niður á klaka.

Hinn 5. maí var búið að vera bíðviðri í samfleytt 12 daga. Þá daga voru smátt og smátt að byrja að brútna brum á hinum ýmsu lauftrjám og svo lerki. Þá fjlgaði blómum óðum á víðitegundum.

Kuldakafli var frá 5. til 12. maí. I þeim kuldum urðu blaðrendur nokkurra grastegunda ljósleitar af völdum frostsins. Meðalhitastigið var +2,5 stig frá 5. til 10 maí. Það var hlýtt í veðri frá 12. til 20. maí og rigndi á því tímabili 35 mm. Þá daga fór frostið að mestu úr jörðu. Fór gróðri þá vel fram. I síðustu vikunni var sólríkara. Gróðri fór þá fremur hægt fram vegna næturfrostsins 25. og 26. maí.

Eftir fyrstu vikuna í júní var mjög hlýtt út mánuðinn og góð sprettuðið, sérstaklega í síðustu vikunni, er sólríkara fór að verða. Héldust hlýindin óslitið fyrstu 3 vikurnar af júlí. Vöxtur hefði þá verið ennþá meiri, ef sólríkara hefði verið. Margar tegundir af skógragróðri náðu sér vel á stað með góða sprettu í þessum hlýindakafla. En sólskin var of lítið fyrir berja- og aldinvoxt.

Það brá mjög snögglega til norðanáttar upp úr hádegi hins 22. júlí. Var veðurhæðin norðan 9 vindstig 22. júlí, 8 vindstig 23., 9 til 10 vindstig 24. og 8 vindstig 25. júlí. Meðalhitinn dagana 23.-25. júlí var 5 stig á C.

I veðrinu slitnuðu tré upp með rótum. Þá brotnuðu stofnar trjáa á rót, er voru 12-14 cm í þvermál. Þar sem mjög var áveðurs braut vindurinn pessa ~~xx~~ sumars ársprota í talsverðum mæli. Aðallega sprota, er voru lengri en 30 cm. Útjaðrar skógarins voru brúnleitir að afstöðnu veðrinu. Og kartöflugrös og fleiri jurtir á ræktuðu landi biðu hnekki í veðrinu.

Mjög votviðrasamt var fyrrihluta ágústmánaðar. Aðfaranótt hins 25. ág. var hvassast sunnan 8 vindstig og sunnan 7 vindstig hinn 26. I síðari hluta ágúst fóyrgróður að ná sér eftir áföllin, t.d. kartöflugras og fleiri nytja-jurtir. Sama var að segja um skógargróður, þar sem blöðin létu á sjá.

Heitu dagana 21.-29. ágúst proskuðust ungir sprotar alls gróðurs mjög ört. Þar sem sólar naut vel, náðu bláber, rifsber og fleiri berjategundir þá góðum proska.

Um mánaðamótin ágúst og september byrjuðu birkilaufin að gulna í skugganum. Loftið var mjög rakt fyrrihluta september. Virtust þá haustlitir lítið ágerast á trjám. Héldu því sprotar áfram að gildna á ungum trjágróðri og brum þeirra að lokast smátt og smátt, því að frost kom ekki teljandi fyrir miðjan mánuðinn. Í frostkulunu, er var við jörð 9. og 10. sept. skemmdust katröflugrös ekki teljandi hér.

Eftir frostnæturnar 15., 16. og 17. sept. gulnaði skógvurinn og hin ýmsu lauftré örth. Einnig féll þá kartöflugras í görðum hér austan við Lagarfljót.

Næst kom frost dagana 3.-5. okt. Fraus jarðvegur þó ekki sem heitið gat, af því að snjóföl var á jörðu, er hlífði. Hélzt því ræktað land grænt, þar til frjósa tók 23. og 24. okt. Fraus harðvellið jarðvegur og ræktað land þó minna en ella, því að efsta lag jarðveggins var þá víða orðið tiltölulega vatnslítið.

I nóvember og desember var norðausturhátt langalgengust. En suðlæg átt var dagana 18.-23. nóv. Hinn 23. var jörð víða orðin þróð. Eftir 23. nóv. var allmikið frost til mánaðarlokna, mest 13,8 stig hinn 29.

I desember var 2 daga þíðviðri, en snjór á jörðu 27 daga. I árslok mældist þykkt klakans í skóginum 8 cm.

A sumrinu komu 3 dagar með 20 stiga hámarkshita og yfir: Hinn 7. júlí 25,3 stig, 17. júlí 21,5 stig og 20. júlí 21,4 stig.

Frost kom ekki í mælaskýli í júlí og ágúst og aðeins 1 dag í júní. Hér á eftir fara nokkrar tölur, sem sýna lágmark hitans seinast um vorið og fyrst um haustið:

Mánuður	Dagur	I mælaskýli	Við jörð
Maí	25.	+ 1,1	+4,0
"	26.	+ 1,0	+3,2
"	27.	1,3	+0,6
"	30.	1,5	+1,9
Júní	5.	+ 1,0	+3,8
Ágúst	12.	0,6	+2,1
"	15.	3,6	+0,2
"	22.	2,4	+1,0
"	29.	2,0	+1,0
Sept.	9.	0,0	+3,1
"	10.	1,6	+1,3

2. Vöxtur og þrif trjágróðursins.

a. Laufgun og lauffall. Birkiskógvurinn varð allaufgaður hinn 9. júní, en hinn 30. maí var hann kominn með græna slikju neðantil.

Hinn 13. sept. byrjaði birkio að gulna, en 22. sept. algulur hið efra, en dálítio grænt ennþá neðantil. Þann dag var lerki ennþá grænt, nema 2/2 plöntur í græðireit orðnar talsvert gular. Hinn 24. sept var lauf mjög fallið hið efra, en um helmingur neðantil. Hinn 30. sept. var lauf að mestu fallið, þó sást enn nokkurt lauf hinn 11. október. neðantil.

Lerki var orðið grænt tilssýndar 25. maí, en a.m.k. ungt lerki alveg útsprungið 30. maí. Hinn 30. sept. var það farið að gulna nokkuð. Hinn 3. okt. sást greinilega, að Raivolalerki frá 1957 var orðið meira gult en Altailerki af sama aldri og á sama stað. Hinn 11. okt. var lerki almennt orðið gult og farið að fella nálar allmjög. Greinilegur munur sást á kvæmum.

Hinn 15. okt. fór ég um nokkra lerkiteiga og reyndi að gera mér grein fyrir gulnunarstigi þeirra. Niðurstaðan var þessi (mest gulnað hið fyrst talda, síðan minna):

1. Irkutsk, plantað 1953.
2. Arkangelsk, plantað 1952.
3. Hakskoja, plantað 1951.
4. Hakaskoja, " 1954.
5. Raivola, plantað 1957.
6. Altai, plantað 1957, ennpá með grænum nálum hér og þar.

Tafla I. Hita-, úrkoma- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1966.

Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskins- stundir	Fjöldi vaxtar- ein.
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi		
Jan.	-2,8	-1,7	80,1	-25,3	-	-
Febr.	-5,4	-4,3	23,6	-41,7	28,1	-
Marz	-3,0	-2,9	36,9	-5,9	79,1	-
Apríl	2,1	+0,6	52,8	+12,9	120,8	-
Maí	4,4	-1,4	41,6	+18,1	182,5	-
Júní	10,1	+1,1	30,4	+2,2	161,1	54,57
Júlí	10,2	-0,7	47,6	+8,7	113,0	61,41
Ágúst	8,9	-0,8	63,3	+24,1	118,4	53,00
Sept.	6,7	-0,6	34,8	-17,1	66,3	-
Okt.	2,5	-2,0	32,9	-33,0	39,1	-
Nóv.	-0,3	-1,8	29,4	-50,8	6,4	-
Des.	-2,4	-1,7	66,0	-25,5	-	-
Árið	2,6	-1,3	539,4	-133,3	914,8	-
Júní- sept.	9,0	-0,2	-	-	-	-

b. Vöxtur. Birki preifst vel, en vöxtur þess varð samt ekki eins mikill og 1965. Samt var það mjög fallegt og frísklegt fram til 22. júlí, en létt þá á sjá (sjá á eftir). Maðkur var sáralítill á birkinu.

Lerki óx nú betur en tvö undanfarin ár. Að þessu sumri varð vöxtur þess eðlilegur og það náiði sér nú alveg eftir skemmdirnar í maí-veðrinu 1964, nema hvað allmikið er um óhreina toppa á því síðan. Liggur nú fyrir að ganga yfir teigana og lagfæra toppa, eftir því sem við verður komið.

Grenivöxtur var nú mjög góður yfirleitt, sérstaklega á rauðgreni.

Fura óx prýðilega, sérstaklega stafafuran. Wedellsborgsteigurinn frá 1957 heldur áfram skruðögngu sinni af miklum krafti og nú eru að verða ákaflega athyglisverðir yngri teigar af stafafuru. Að það sérstaklega við um Skagwayfuru frá 1960, sem er nú orðin gull-fallegog rýkur upp, en einnig stafafura frá Colorado (Salida og Sapinerö), sem plantað var 1959.

Tvær athuganir af handahófi gefa bendingu um lengd ársprota:

1. Síberíulerki, Askiz, plantað 1959. Meðallengd ársprota í einni röð á 30 trjám 37 cm. Lengsti sproti 58 cm.
2. Rauðgreni, Trysil, plantað 1954. Meðallengd ársprota á 27 trjám í einni röð 25 cm. Lengsti sproti 42 cm.
I eldri lerkiteigum, eins og t.d. Irkutsk frá 1953 eru ársprota-lengdir petta 30-60 cm. Meðaltalið liggar áreiðanlega kringum 40-45 cm.

c. Fræfall. Á Birki var fremur lítið fræ og sama og engu safnað að þessu sinni.

A barrtrjám var yfirleitt sáralítið af könglum, ~~KKK~~ nema auðvitað á broddfuru. Gaman var að því, að ein lindifura í viðbót bar 2 fall-ega köngla, sem við reyndum að varðeita heila.

3. Skaðar á trjám.

I janúarbylnum í fyrra féll í einum byl meiri snjór samfara mikilli veðurhæð en komið hefir hér á Hallormsstað kannski alveg síðan árið 1910. Allmikið af lerkitrjám sligaðist undan snjóbunganum á smáblettum. Var petta einkum lerki, sem náð hafði 2-3 m hæð. Ekki varð petta samt meira en svo, að maður tekur varla eftir ~~KKK~~ bognum trjám, þegar gengið er um teigana. Á Atlavíkurstekk ~~KKKK~~ bognuðu fáein stærri lerkitré og aðeins eitt tré bognaði svo af elztu stafa-furunni bar, að það rétti sig ekki upp.

Hvítgrenið frá 1957 í Lýsishól hafði lagzt mjög útaf undan snjóbunganum, en rétti sig alveg upp sjálfkarafa. Einkanlega var petta í bröttu brekkunni undir Fálkakletti, sem veit undan veðrinu.

Rauðgreni í Lýsishólnum var líka talsvert bogið fyrst eftir, að snjóbunganum létti, en það rétti sig algerlega upp sjálfkrafa.

Júlfveðrið 22.-25. júlí er hið hvassasta, sem hér hefir komið að sumarlagi í manna minnum (sbr. frásögn Páls Guttorssonar hér að framan).

Pótt nokkuð fyki af ársprotum af grenitrjám, er ekki um umtalsvert ar skemmdir að ræða af völdum veðursins. Lerkisprotar brotnuðu yfirleitt ekki, en í sumum tilvikum lömdust þeir svo mikið í næstu tré, að þeir eyðilögðust þess vegna. Á fjallabininum frá 1936 í Mörkinni var áberandi, að sprotarnir brotnuðu sundur á miðju. Sama ~~KKK~~ sást líka á nokkrum blágrenitrjánum við Króklæk.

II. Starfsfólk.

Tafla II. skýrir sig sjálf, en vinnustundir ná þó ei til ákvæðisvinnu.

Tafla II. Verkafólk og kaupgreiðslur á Hallormsstað 1966.

Mánuður	Fjöldi	Vinnustundir	Tímavinna kr.	Ákvæðisv. kr.
Jan.-marz	3	950	49.306,32	-
Apríl-máí	18	2.207	109.432,41	-
Júní	27	4.872	252.617,31	57.975,85
Júlí	16	3.324	180.585,76	-
Ágúst	20	2.622	145.926,59	28.904,74
Sept.-okt.	9	2.132	128.521,29	30.960,00
Alls	-	16.107	866.389,68	117.840,59
			984.230,27	

Af þessari heildarupphæð voru kr. 491.213,41 greiddar til fólks, sem er búsett í Vallahreppi. Sýnir petta, að hlutfall Vallamanna í kaupgreiðslum hér fer nú árlega minnkandi. Þannig er t.d. meirihluti stúlkanna þessi árin úr Reykjavík.

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var hin sama og undanfarin ár. Hann sá um daglega verkstjórn í gróðrarstöðinni og vann að áburðargjöf og ~~XXXXXX~~ hormónauðun í skóginum. Ennfremur vann hann að skógahöggi, begar það var hægt á útmánuðum.

Ingibjörg Sigurðardóttir var ráðskona að vanda.

Jón J. Jóhannesson var frá miðjum júní til miðs ágúst. Hann vann fyrst við plöntun, en í júlí og ágúst aðallega við ferðafólk og kjarrhreinsum.

Hannes Þórðarson var í Jórvík, meðan á plöntun stóð og var góður liðsmaður í útréttингum bar.

Helga Einarssdóttir úr Reykjavík reiknaði út kaup um mesta annatímann og sá um útborganir.

Sú nýbreytni varð nú í sambandi við starfsfólk, að 2 norskir skógtæknar komu til okkar hinn 19. maí og dvöldu hér samfellt til 28. október. Þeir hétu Arne Lindmoen og Trond Löken, báðir úr nágrenni Elverum í Noregi. Þeir voru brautskráðir úr skógræktardeild búnaðarskólans á Jönsberg.

Þeir sáu í félagi um alla plöntun hér, bæði á Hallormsstað, í Jórvík og Mjóanesi og fórst það framúrskarandi vel ~~XXXXXX~~ og samviskusamlega úr hendi. Að öðru leyti unnu þeir langmest við skógarhogg og grisjun fyrir plöntun og kjarrhreinsun. Þeir voru einnig með í girðingarvinnunni á Eiðum. Þetta voru að öllu leyti úrvalsnáungar: Mjög flinkir skógarmenn í öllu, sem þeir snertu á, reglusamir og sérstaklega liprir í sambúð og tókst mjög vel að laga sig að aðstæðum okkar.

Pess er að geta, að sökum hins hagstæða tíðarfars og góðs heilsufars gekk öll vinna á sl. vori miklu betur en undanfarin tvö vor a.m.k. Það stuðlaði einnig að góðum árangri, að síðan ég hóf hér störf, höfum við aldrei haft jafnsamstæðan og ánægjulegan hóp stúlkna og á þessu vori. Það var enginn gikkur í veiðistöðinni. - Við vorum hins vegar ekki jafnheppnir með piltana, enda er það í samræmi við próunina á vinnumarkaði hér eystra, að sífellt reynist erfiðara að fá góða ~~XX~~ pilta í vinnu. Flestir góðir verkmenn líta ekki við þeim kauptaxta, sem við megum greiða.

III. Girðingar.

1. Viðhald.

a. Hallormsstaður. Það er mjög langt síðan viðhald girðinga hefir orðið eins dýrt og í ár. Þessu ollu snjóþyngslin sl. vetur. Einkum var elzti hluti girðingarinnar illa farinn frá Kerlingará og niður að Fljóti. Má segja, að hann lægi niðri á löngum köflum. Hins vegar stóð nýja girðingin sig bara vel.

Kostnaður við viðhald Hallormsstaða- og Mjóanesgirðinga varð 18.200 kr.

b. Jórvík. Hér urðu enn miklar skemmdir, þó ekki eins og árið áður, því að nú beið girðingin að þeiri viðgerð. Að þessu sinni var viðgerðin framkvæmd af Breiðdælingumeinum og kostaði 16.300 kr. Mér sýnist girðingin í Jórvík ætla að verða ótrúlega viðhaldsfrek. Kannski er þar að nokkru um að kenna, að uppsetning hennar var ekki eins vönduð og þeirra girðinga, sem við höfum sett upp hér á Hallormsstað og Eiðum í seinni tið.

2. Nýjar giröingar.

Eiðagiröing. Lokið var við 1 km langa kafla, sem byrjað var á árið 1964 (sbr. ársskýrslu þá). Er giröing sú nú alveg fullgerð með tveimur hliðum. Þar með er endurnýjun Eiðagiröingarinnar lokið frá Fljóti við bænn Fljótsbakka, upp að þjóðvegi, út að Eiðalæk, niður kringum túnið og upp að þjóðvegi á Hraungarði XX - og svo spottinn frá Fljóti utan við rafstöðina upp að Eiðavatni. Þá er aðeins eftir kaflinn út með þjóðvegi frá ~~XX~~ Eiðatúni og í vatnið yzt að austan. Sú giröing er algerlega ónýt sem varzla fyrir sauðfé, en heldur stórgripum. Eg hefi ei mælt þessa vegalengd, en með nýv. fjárveitingu til giröingarinnar mun það taka mörg ár að endurnýja þann kafla. Hins vegar er svæðið, sem er innan giröingarinnar barna austan við vatnið, sérstaklega afgirt niður í Eiðalæk með hluta af giröingunni, sem lokið var við í haust, svo að nú er megnið af Eiðagiröingu örðið alfríðað land aftur.

I vor fórum við Baldur Jónsson með allri nýju giröingunni frá Eiðalæk og niður að Fljóti við Fljótsbakka. Giröingin var öll eins og nýuppsett væri, en framgaflinn var settur upp árin 1958 og 1960. Virtist svo sem snjóþyngsli í fyrravetur hefðu ekkert haft að segja. Höfum við í rauninni í fyrsta skipti fengið barna fullgilda sönnun fyrir því, að sú aukna vandvirkni og líka aukni tilkostnaður með því að ýta undir giröingarnar margborgar sig.

IV. Skógarhögg.

Skógarhöggið hófst nú ekki að ráði fyrr en um miðjan apríl, þar eð snjóþyngsli gerðu ógerlegt að athafna sig alla útmánuðina. I vor var grisjað fyrir plöntun og höggvið ofan af lerki fram undir miðjan maí. Síðan var aftur höggvið í júlí=mánuði og svo í október.

Viðarsalan nam um 107 þús. kr., en staurabirgðir eru að verömæti nálægt 65 þús. kr. Nemur þannig verömæti höggsins af birki í ár sem næst 170 þús. kr.

Seld voru 184 stk. jólatré og 73 kg af furugreinum, er alls lagði sig á um 26 þús. kr.

Skógarhöggið fór fram á þessum svæðum:

1. Um 4 ha svæði neðst í Framhólum utan Skriðalsvegar. Grisjað fyrir plöntun.

2. Um 3,5 ha svæði efst í Framhólum upp að skógarmörkum við Leirtjörn. Grisjað fyrir plöntun.

3. Um 2,5 ha svæði í Lýsishól innan við Fálkaklett. Grisjað fyrir plöntun.

4. I Vörðuhrauni grisjaður skermur yfir lerkiplöntun frá 1962, um 2,5 ha.

5. I Krókum grisjaður skermur ofan af öllum plöntunum neðan frá Kerlingará og upp að Timburflöt. Alls rúmlega 2,5 ha.

6. Felldur skermur ofan af lerkiplöntunum frá 1962 utan við Atlavíkurstekk um 1 ha og enn fremur af lerkiplöntunum þar frá 1954 og 1955, þar sem aðeins voru fáein birkitré eftir, og jaðrar hreinsaðir. Við höfum aldrei fyrr fellt skerminn alveg ofan af lerki eftir svo skamman tíma - eða aðeins 5 ár. Verður gaman að bera þetta saman við svæðið í Vörðuhrauni frá þessu sama ári, þar sem við léturn gisinn skerm standa.

Ekkert lerki var grisjað á árinu og verður ekki gert á þessu ári heldur.

Tafla III. Skógarhögg og viðarsala á Hallormsstað 1966.

Birki.

1. Sala:

Staurar: B II	1.010	st.k.	7,0	tonn
B III	525	"	2,0	" 3,8 kg.
Styttur	820	"	2,0	" 2,45 kg.
Elddiviður	33,7	"		
Reykingaviður	2,4	"		
Efniviður	1,5	"		
Samtals	<u>48,6</u>	"	og 107.395	kr.

2. Birgðir:

Stau <u>r</u> : B II og III	2.200	st.k.	11,0	tonn 5 kg
XXXXXX B IV.....	2.000	"	8,0	" 4 kg
Styttur	600 ✓	"	<u>1,0</u>	" 1,67
Samtals	<u>20,0</u>	"	og 68.000	kr.
Högg alls	<u>68,6</u>	"	og 175.395	kr.

Staurar alls 5.735 st.k.

Styttur alls 1.220 "

*Staurabirgðir til færilega
síðu. Skrif til 1967. Þls. 6*

V. Gröðrarstöð.

1. Umbætur.

A þessu ári voru reitirnir ekkert endurbættir, nema hvað ekið var samtals 25 bílhlössum af sandi í reitinn. Allmikið af honum var yfirbreiðsla.

I vor og sumar var lokið við að ganga frá hluta af elzta græði-reitnum (reit D) sem sýnisgarði (arboretum). Var svæðið sléttasvæði og sáð í það grasfræi. Ær Pórarinn Benedikz var hjá okkur seint í ágúst, rak hann smiðshöggið á þetta verk með því að ganga frá opnum trjábeðum, sem parna eiga að vera, og gerði það af frábæri smekk-vísi. Ær trúá míni, að margir muni í framtíðinni eiga eftir að dást að þessu horni.

Frágangur á sýnisgarðinum kostaði á þessu ári alls um 13 þús. kr. Þetta er fært á liðinn "ýmsar framkvæmdir". Bókfærður kostnaður á þeim lið er kr. 21.200, en var áætlaður 25 þúsund.

2. Fræplöntur.

Sáð var á þessu ári í alls 446,5 m², sem er verulega miklu minna en í fyrra, en samt meira en nóg í okkar stöð.

Spírun var yfirleitt góð, en þó verður að játa, að birkisán-ningin misheppnaðist.

Fræplöntur til dreifsetningar verða nú tæplega 200 þúsund. Er það meira en nóg fyrir okkur.

Kostnaður við fræplöntur varð 43.600 kr., en var áætlaður 55 þús. kr.

3. Dreifplöntur.

Dreifsettir voru nú 176.300 pl. Það tókst að setja þær á tvö samfelld svæði í reitum A og C.

Dreifsetningin tókst mjög vel að þessu sinni, enda öll ~~XXXXX~~ skilyrði nú hagstæðari en 2 sl. ár.

Kostnaður við dreifplöntur varð 109.800 kr., en var áætlaður 100 þús.

4. Garöplöntur og græðlingar.

Alls voru dreifsettir 9.350 græðlingar, þar af 650 sumargræðlingar undir gleri. Dreifsettir voru alls 5.000 garöplöntur, langmest birki og reynir. Langt er síðan við höfum átt jafnfallegar fræbeðsplöntur af reyni og þótti okkur sjálfsagt að dreifsetja allmikið af honum, enda er reynirinn alltaf langvinsslasta garðtréð hér eystra.

Sala á garöplöntum varð nú hin mesta hingað til að krónutölu, eða bókfært brúttóverömæti alls kr. 113.012,08. Í því er að ~~XXX~~ vísu nokkur flutningskostnaður meðreiknaður. Kostnaður við garöplöntur varð 41.400 kr., en var áætlaður 60 þúsund. Má samt segja, að meira væri unnið við garöplöntur en áður. En þess verður að geta, að meiri hluti sölunnar var heildsala og voru það Skf. Reykjavíkur og Eyfiröinginga, sem þannig keyptu. Það munar auðvitað óhemju miklu, hve slík afgreiðsla er auðveldari og ódýrari en smásala til einstaklinga, þótt verðið sé hærra.

Mér voru samt mikil vonbrigði, hve salan til einstaklinga hér eystra var lítil á þessu vori. Voru plönturnar þó auglýstar rækilega í öllum Austfjarðablöðunum.

5. Hreinsun.

Sl. vor var zimasini úðað yfir mjög mikinn hluta af reitnum seint í apríl við mjög hagstæð ~~KKKKKKK~~ skilyrði. Árangur af þessari úðun var alveg frábær, svo að hreinsunarkostnaður framan af sumri varð með allra minnsta móti. En þess er ekki að dyljast, að illgresið varð nokkuð erfitt seinni part sumars og var reiturinn varla nógum hreinn í haust. Við höfðum nú enn færi sumarstúlkur en nokkru sinni fyrr. Aðeins 4 í júlí og fyrri hluta ágúst og bara 2 í september. Fyrri hluta ágúst voru þær alveg í plöntun og upptöku og sýðan mikil í mosaskógi og þakningu, svo að ekki var hægt að sinna hreinsun sem skyldi á lokaspættinum. Við höfum sennilega gengið þarna heldur langt í stúlnasparnaði, sem gæti kostað meiri hreinsun en ella snemma vors 1967.

Kostnaður við hreinsun varð alls 49.600 kr., en var áætlaður 65 þúsund. Eg vil samt fyrst og fremst þakka hinn góða árangur hinni velheppnuðu úðun í apríliok.

6. Afhending plantna.

Afhentar voru úr stöðinni 210.810 skógarplöntur, 4.381 garðplöntur, og 10.000 dreifsetninggarplöntur til annarra stöðva.

Meiri hlutinn af þessum plöntum var afhentur að vorinu. Aðeins það, sem plantað var hér og á Eyjólfss töðum, var afhent síðumars. Sjaldan hefir gengið eins illa að koma frá sér plöntunum og sl. vor. Samgöngur á sjó voru svo slæmar, að engu tali tók. Pannig var t.d. algerlega ómögulegt að koma plöntum til Vopnafjarðar á þeim tíma, sem burfti að afgreiða plönturnar þangað. Sama er aðsjegja um Hornafjörð. Þangað var alls ekki hægt að koma plöntum nema með flugvél. Og það var fyrst 18. júní, að hægt var að senda plöntur með bíl yfir Jökuldalsheiði, en það var megnið af plöntunum í Borgarfjörð og til Norðurlands. Olli þetta okkur ákaflega miklum erfiðleikum í afgreiðslunni og auðvitað ómögulegt að segja, hver áhrif það hefir á plönturnar að burfa að bíða svona lengi. Ber allt að sama brunni, að stefna verður að því að láta stöðina hér hætta aðala upp plöntur fyrir aðra landsfjórðunga.

Þess skal getið, að dreifsetninggarplöntur til annarra stöðva 1965 voru bókfærðar á árinu 1966, kr. 46.060 kr. Bókfærð brúttósala ársins að þessu frádregnu var sem hér segir:

1. Skógarplöntur	kr. 471.282,28
2. Garðplöntur	" 113.012,08

Alls kr. 584.294,36
=====

Dreifsetninggarplönturnar koma ei til reiknings fyrr en á árinu 1967.

Kostnaður við afhendingu skógarplantna var bókfærður kr. 24.300, en var áætlaður kr. 20 þús.

Bókfærður reksturskostnaður stöðvarinnar var á árinu kr. 425.358,27, en var áætlaður 450 þúsund.

I heild var árið mjög hagstætt fyrir stöðina, ekki bara reksturslega, heldur var framför yfirleitt góð á flestum plöntum. Undantekning frá því er grenið - sérstaklega hvítgrenið - sem nú er 2ja ára í dreifbeðum. Farmför á því var mjög lítil og á því urðu geysileg vanhöld þeði á fyrsta sumri og einnig sl. veturnar, þar eð miðið fórst vegna myglu.

En annars komu flestar barrplöntur aðrar ákaflega vel undan vetrar. Eg minnist þess satt að segja ekki að hafa séð barrplöntur jafnfalllegar að vori og sl. vor.

Því miður get ég ekki gefið upp rétta áburðarnotkun í reitnum á sl. ári, þar eð glatazt hefir hjá mér, hvað til var af áburðar-

birgðum við árþyrjun 1966. Þetta skiptir auðvitað ósköp litlu málí. Notkunin hefir verið mjög svipuð og venjulega.

VI. Plöntun.

1. Hallormsstaður.

Plantað var hér 55.755 plöntum, á sumrinu, en áætlað var að planta 56.100, svo að segja má, að sú áætlun hafi verið haldin.

Plöntunin hófst 4. júní í Vörðuhrauni og var unnið þar til 10. júní. Var plantað alls 8.200 plöntum af ýmsum furutegundum, mest plöntum, er staðið höfðu of lengi í græðireitnum, en einnig 3/0 plöntum. Þessu var öllu plantað með haka og með miklu nostri, en árangur var líka mjög góður, því að vanhöld virtust nær engin eftir sumarið.

Dagana 16. og 18. júní var plantað lerki í Framhólum og svo aftur 25.-29. júní. Var á þessum tíma plantað barna 16.150 lerkiplöntum, mest Raivola.

Okkur virtist seinni partinn í sumar, að þessi plöntun hefði tekist vel. Aðalvandamálið var Öskjuvikur, sem barna var talsverður og ölli bæði töfum og veldur líka hættu á meiri vanhöldum en ella.

Hinn 8. ágúst hófst síðumarsplöntun efst í Framhólum og stóð til 12. ág. á því svæði. Var barna sett út 17.470 hvítgreni, sem orðið var mjög stórt.

Í Lýsishól framan við Fálkaklett var plantað 10.830 plöntum af hvítgreni og bastarði dagana 12.-17. ágúst. Mestöllu þessu greni var plantað með bjúgskóflu, en við upptökuna voru samt 850 stærstu plönturnar og rótarmestu teknar frá og var þeim plantað með haka.

Síðumarsplöntuninni lauk svo með plöntun á ýmsum afgöngum (furu) neðst í Ljósárkinn 17.-20. ágúst.

M.a. gerðum við þar tilraun með að planta stafafuru með haka og vanda til verksins, til þess að ganga úr skugga um það, hvort hægt væri með árangri að planta þessari tegund síðumars (í ágúst). Við gerðum þetta bæði árin 1963 og 1964 (Norðmannaplöntun), en þá urðu mjög mikil vanhöld, sérstaklega í Norðmannaplöntuninni. Megnið af stafafurinni þar drapst. Þess verður þó að geta, að þar var um að ræða kvæmi, sem greinlega var ekki sterkt.

2. Mjóanes.

Dagana 11.-15. júní var plantað í Mjóanesi, alls 19.845 plöntum, mest lerki. Gekk þessi plöntun með fádænum fljótt og vel, enda er landið afskaplega gott yfirferðar.

Í Mjóanesi var áformáð að planta 10.000 hvítgreni til viðbótar á plögstrengi í myrlendi, en horfið var frá þessu, þar eð ekki reyndist unnt að framkvæma plöggingu í tíma.

3. Jórvík.

Þar var plantað dagana 20.-23. júní, alls 22.470 plöntum, en áætlað hafði verið að planta þar 20 þús. Þetta var rauðgreni, sem plantað var í rásir í birkikjarri, hvítgreni, er plantað var á plögstrengi og svo birki. Vildum við reyna, hvernig plantað birki reyndist barna suðurfrá.

Plöntunin í Jórvík gekk mjög fljótt og vel. Við athugun seinni partinn í sumar virtust plönturnar líta vel út.

Allur kostnaður, sem færður er á plöntun á þessum premur stöð-

Tafla IV. Plöntun á Hallormsstað, Mjóanesi og í Jörvík 1966.

Tegund	Kvænni	Aldur	Akur-gerði	LNN	VUN	FAR	LLL	Mjóa-nes	Jör-vík	Alls	Tími
Hvitgreni	Seward	3/3	-	-	-	100	-	-	5.320	5.420	vor síðs.
Hvitgreni	Seward	3/4	-	200	-	17.470	9.195	-	-	26.865	vor síðs.
Raudgreni	Otterøy	3/3	-	-	-	25	-	-	12.350	12.375	vor síðs.
Sitkabæstari.	Moose Pass	2/4	-	-	-	2.145	-	-	-	1.635	vor síðs.
Bergfura	Ulstrupgaard	3/4	-	-	-	800	-	-	-	2.145	vor síðs.
Bergfura	Ginébra	3/4	-	-	-	150	-	-	-	800	vor síðs.
Bergfura	?	-	-	-	-	-	-	-	-	150	vor síðs.
Broddfura	Sapinero	3/5	-	-	-	750	-	-	-	750	vor síðs.
Broddfura	Hallormsstað	3/4	-	200	-	1.200	-	-	-	3.245	vor síðs.
Broddfura	?	-	-	-	-	25	-	-	-	-	25
Lindifura	Graubünden	2/4	-	-	-	115	-	-	-	-	115 vor síðs.
Lindifura	Swiss	2/4	-	-	-	50	-	-	-	50	vor síðs.
Lindifura	Krasnojarsk	4/4	-	1.000	-	1.705	-	-	-	1.000	vor síðs.
Stafafura	Skagway	3/3	-	-	-	1.690	1.195	-	-	1.705	vor síðs.
Stafafura	Wanza Lake	3/0	-	-	-	100	-	-	-	1.690	vor síðs.
Stafafura	Hallormsstað.	3/0	-	-	-	-	-	-	-	100	vor síðs.
Stafafura	Skagway	3/4	-	1.000	-	-	-	-	-	1.000	vor síðs.
Evrópulerki	Graubünden	3/3	-	-	-	-	350	-	-	-	350 vor síðs.
Rússalerki	Arkangelsk	2/2	-	-	-	-	2.700	-	-	-	20.700 vor síðs.
Rússalerki	Raiwola	2/2	-	-	-	-	13.100	-	-	-	13.100 vor síðs.
Birkki	Bæjarst.	2/2	-	50	-	-	-	-	-	-	50 vor síðs.
Birkki	Bæjarst.	3/0	-	-	-	-	-	-	-	4.800	4.800 vor síðs.
Alls	-	-	250	2.375	8.555	33.745	10.830	19.845	22.470	98.070	-

um, nemur kr. 330.116,76. Af þessu eru plöntur kr. 196.900,98. Kostnaður við sjálfa plöntunina og útgerð kringum hana nemur því í heild kr. 133.215,78. sem verður til jafnaðar kr. 1,35 á plöntu. Af þessu er auðvitað Jórvíkurplöntunin langdýrust, en að þessu sinni hefi ég ekki reiknað út kostnaðinn á hverjum stað.

VII. H i r ð i n g p l a n t n a.

Hallormsstaður.

a. Kjarrhreinsun. Pessi svæði voru einkum hreinsuð með kjarrsögum:

I Partinum greniplöntunin frá 1958 með tilraunaflötunum í rauðgreni. Hreinsað var það, ~~XX~~ sem burfti á þeim svæðum, þar sem skermur var felldur og grisjaður í Innskóginum (sbr. skógarhöggvið).

Farið var yfir ýmis svæði önnur í Innskóginum og þau verstu lagfærð með klippum.

b. Úðun með hormónalyfjum. Farið var yfir mest af greniplöntun frá 1958 í Stórhól. Styttra varð þó í þessu verki en ætlað var, því að veðrátta spilltist, er verkið stóð sem hæst, en árangur varð gður af því, sem unnið var.

c. Lagfæring eftir snjóskaða. Farið var yfir Altailerkíð frá 1957, þar sem verstu snjóskaðarnir höfðu ~~XXX~~ orðið, og dálítið af trjánum, sem mest höfðu svignað, reist við.

d. Áburðargjöf. Borið var á hluta af rauðgreniteigunum frá 1954 og 1956 í Lýsishól, alls 650 kg af Kjarna. Þetta verk var ekki unnið fyrr en seint á vorinu, svo að fullur árangur kemur vart í ljós, fyrr en á næsta ári.

Kostnaður við þennan lið nam alls kr. 18.700, en var áætlaður 15 þús.

VIII. V e g a g e r ð.

Minna var nú unnið í vegagerð hér en um langt skeið, aðeins voru ruddir 620 m langir skógarstígur. Jarðýtan okkar var nú orðin ákaflega lasburða og nær engu kostað til viðhalds hennar á árinu.

Pessir vegarspottar voru lagðir í Lýsishól inn og upp frá Fálkakletti (220 m) og efst í Framhólunum (400 m). Þar er nú kominn akfær vegur alveg upp á Leirtjörn. Hann var ruddur í sambandi við plöntunina á þessu svæði, en mun á næstu árum hafa mest gildi sem ferðmannavegur.

Kostnaður við vegagerð var færður kr. 6.600 á árinu, en þá er eftir að færa vinnu jarðýtunnar, sem er kr. 7.000. Má því segja, að unnið hafi verið ~~XI~~ fyrir kr. 13.600.

Vegagerð ríkisins lagði í haust nýjan veg af Langasandi og inn fyrir neðan Bergsbásklif meðfram Fljótinu inn á sandinn við Borgargerðislæk. Við þessa vegagerð erum við lausir við þann vegarspotta, sem langhættulegastur var á vetrum hér í skóginum.

IX. B y g g i n g a r.

Mörkin. Haldið var áfram að ~~IX~~ lagfæra og endurbæta húsa-kynnin í Mörkinni.

I svefnskálanum fyrir piltana voru nú sett upp hreinlæstistæki:

handlaug og salerni. Smíðuð var varanleg útihúrð, bætt við einni kojusamstæðu, svo að parna er nú svefnpláss fyrir 8 manns og smíðaður var góður fataskápur. Meiri hlutinn af þessum framkvæmdum kemur ekki til reiknings fyrr en á árinu 1967.

Svefnkálinn var einnig málaður innan. Má nú segja, að smíði hans sé lokið. Aðeins er eftir að útbúa þakrennur og ganga frá sökkli.

I steinhúsínu var það markverðast gert, að við keyptum 100 l vatn skút með rafmagnshitun og rættist nú sá langþráði draumur að fá heitt vatn í krana í Mörkinni. Nú getur fólk ið farið í heita sturtu og þegið af sér skítinn með heitu vatni. Það þarf ekki að lýsa því, hverja ánægju þetta vakti hjá fólkini. Rafmagnið fáum við hjá Rafveitunum á taxta, sem er rúmlega helmingi ~~XX~~ lægri en venjulegur heimilistaxti, eða á 72 aura kWst. (heimilistaxtinn er nú kr. 1,60 kWst. hjá Héraðsrafmagnsveitum ríkisins). Rafmagnsleyfið er gefið út fyrir 3,5 kW afl.

Ymsar smálagfæringar voru auk þess gerðar í húsinu og sum her-~~XX~~ bergen máluð.

Húsið var nú loksins málað utan. Hefir þetta staðið til í næra 10 ár.

Verkfærageymslan. Styrktar voru sperrur í hluta af þaki verkfærageymslunnar, þar sem sjálft verkstæðisplássið er. Var loftið síðan einangrað með plasti. Við þetta hefir aðstaða til þess að vinna parna á verkstæðinu að vetrarlagi stórbatnað.

A þessu ári var innheimt rafmagnsheimtaugargjald í verkfærageymsluna og er það fært á fasteigna=reikninginn, kr. 7.400.

Auk þess, sem að framan greinir er svo ýmislegt viðhald, sem ei verður tíundað hér.

Alls ekostnaður, færður á viðhald fasteigna á árinu 85.700 kr. Par af eru rúm 20 þús. tilheyarandi framkvæmdum ársins 1965.

Skógarvarðarbústaður. A þessu ári voru færðar til reiknings framkvæmdir við húsið, að mestu leytti frá árinu 1964, en sumt alveg frá 1962. Má nú segja, að smíði hússins sé lokið, ef frá er talið, að miðstöðvarklefinn hefir aldrei verið kústaður innan eða lagt þar í gólf.

Þessi kostnaður nam alls kr. 36.900.

X. Vélar og verkfæri.

1. Áhöld og verkfæri.

A árinu voru loks keyptar tvær norskar keðjusagir af gerðinni Jo-Bu Starlet. Er ~~XXXX~~ skemmt frá að segja, að sagir þessar hefðu burft að vera komnar fyrir mörgum árum, eins og ég hefi löngum klif-að á fyrir ~~XXXX~~ daufum eyrum aðalskrifstofunnar, því að slík ~~XXXX~~ afbragðsverkfæri reyndust þær við okkar aðstæður. Sérstaklega góð reynsla fékkst auðvitað af þeim, vegna þess að Norðmennirnir tveir sem hér dvöldu í sumar, höfðu kunnáttu og þjálfun til þess að sýna, hvernig þær mega bezt notast við okkar aðstæður. Peir hafa báðir langa þjálfun í notkun keðjusaga (eiga þær sjálfir) og auðvitað í viðhaldi þeirra, m.a. af námskeiði frá Vinnuskólanum á Söñsterud. Það var satt að segja hrein unun að sjá piltana fara með þessi verkfæri.

Kjarrsagirnar voru líka mjög mikið notaðar bæði hér heima og á Eyjólfssstöðum og í Jórvík.

Ný verkfæri voru keypt fyrir 31.500 kr., þar af keðjusagir fyrir kr. 25.000.

Viðgerðir og varahlutir kostuðu alls um 33.600 kr., þar af

varahlutir í sagirnar rúm 16 þús. Nú eignum við líka mjög góðan vara-hlutalager.

2. Bifreið.

Seint í janúar sl. vildi það slys til, að vörubifreið okkar lenti út af veginum austan við Grímsárbrú. Við stýrið var sá gætni maður Baldur Jónsson á Freyshólum, svo að ekki varð glannaskap um kennt. Bifreiðin hafnaði á hliðinni á mikilli íshrönn og stórskemmdist húsið, en einstök heppni má það teljast, að Baldyr sakaði ekki.

Gangverk skemmdist ekki meira en svo, að Baldur gat ekið bíln-umheim, er hann hafði verið dreginn upp á veg.

Viðgerðarmaður sagði okkur, að það myndi borga sig að reyna að fá nýtt hús á bílinn. Eg hrингdi strax í Garðar Gíslason hf., eg bað þá að reyna að útvega nýtt hús. Þeir gáfu okkur von um, að þetta væri hægt alveg fram á vor, en um miðjan maí var okkur tilkynnt, að ekki væri unnt að útvega nýtt hús.

Var þá ei um annað að ræða en láta rétta skemmda húsið. A þessum tíma var ómögulegt að fá neitt gert, því að verkstæðispláss var alls staðar upppantað margar vikur fram í tímum. En Sigþór Bjarnason í Tunguhaga, sem er duglegasti og ódýrasti viðgerðamaður hér um slóðir, tók að sér að gera við bílinn í haust. Er þessu nú langt komið, svo að bíllinn kemst aftur í gagnið í veturn.

Útlagt á árinu í viðgerðina kr. 6.200.

Auðvitað var ákaflega bagalegt fyrir okkur að hafa ekki bílinn í vor og sumar. En mestu málí skiptir samt, að bílstjórinn skyldi sleppa óskaddaður.

3. Dráttarvél.

Ekki var fyrirhugað að kosta til neins meiri háttar viðhalds á dráttarvélinni á árinu. En svo varð það slys í sumar seint, að gírmakassinn brotnaði. Var það fyrir þjósnaskap piltsins, sem var með dráttarvélinu. Viðgerðin á þessu kostaði tæpl. 11 þús. kr.

Í haust kom hér viðgerðaflokkur frá Dráttarvélum hf., og létt ég þá yfirfara ýmislegt í dráttarvélinni. Kostaði það 3.100 kr.

Alls varð viðhalðskostnaður á ~~XXXXXXXXXX~~ árinu kr. 16.400.

Notkunin var auðvitað mjög mikil. Leigutekjur urðu 4.200 kr.

Nettókostnaður á dráttarvélinni varð 19.300 kr. á árinu.

4. Jarðýta.

Gangtímar á árinu urðu 137. Þar af 94 í leiguvinnu, en 43 í eigin þágu. Var Bragi Jónsson með ýtuna. Hluti af leigunni var fyrir snjómokstur í fyrravetur.

Kostnaður við úthaldið varð 24.000 kr., sem gerir 175 kr. á gangtíma. Bókfærðar tekjur urðu kr. 29.000, en ófærðar eru þá tekjur af eigin vinnu, sem nema 8.600 kr., svo að í rauninni hefir ýtan skilað 13.700 kr. í ágóða á árinu.

Við fengum nú ýtu þá frá Eskifirði, sem ég minntist á í síðustu skýrslu og kostar aðeins 20.000 kr. Sá kostnaður kemur ei til reiknings fyrr en á árinu 1967. Hugmyndin er að láta steypa þessum tveimur vélum saman. Flest bendir til þess, að þessi nýkeypta ýta sé mun betri en okkar gamla. Kann svo að fara, að hún verði notuð sem varahlutir í þá nýju. Þetta verðu kannað í veturn.

Ferðalög á árinu voru sáralítil. Hinn 25. febr. fór ég á starfsmannafund Stofnunarinnar. Heim kom ég 31. marz. Eftir fundinn, sem tók viku, var ég í ýmsum útréttungum fyrir Stofnunina. En allmikill tími fór að þessu sinni fyrir mér í fjármálapras og lánsútveganir á vegum barnaskólabygginingarinnar, sem hér er í smíðum og ég hefi haft umsjón með. Ef þeir dagar væru lagðir saman, hefir sjálfsagt ekki minna en einar tvær vikur farið í það. Sem betur fór bar þetta stúss tilætlaðan árangur.

Hinn 21. maí leiðbeindi ég við plöntun á Eiðum og fór með girðinguunni.

I ágúst og september var ég allmikið í Eyjólfssstaðaskógi í sambandi við vegagerð og grisjun þar.

Hinn 18. ágúst fór ég norður að Laugum á aðalfund Skf. Islands. Heim kom ég úr þeirri fór 21. ág.

I september var ég nokkuð á Eiðum í sambandi við girðingaframkvæmdir þar.

Eru þá ferðalög míin upptalin, er ég fór á vegum Stofnunarinnar, nema auðvitað Breiðdalsferðir.

I byrjun október skrapp ég hins vegar til Reykjavíkur og keypti mér nýjan bíl, eftir að hafa verið bíllaus í rúm 2 ár. Bíll þessi er af gerðinni Skoda 1000 MB og reynist enn sem komið er alveg framúrskarandi skemmtilegur vagn og mjög sparneytinn.

Bílleysið hefir auðvitað valdið því, að maður hefir ekki farið að heiman nema í brýnustu erindum og því minna en ella. Svo bundinn sem ég er við starfið hér á staðnum á sumrin hefir þetta auðvitað alls ekki verið eins bagalegt og flestir halda, en maður fer auðvit að aldrei að sporta sig með fjölskyldu sinni fyrir bragðið yfir sumartímann - og það er kannski það versta, þegar öllu er á botninn hvolft.

XII. Y m i s l e g t.

Kvikmyndataka. Gísli Getsson myndatökumaður dvaldist hér við kvíkmyndatöku í 9 daga í júlímanuði. Hann lauk hér töku á nokkrum þeim atriðum, sem fyrirhuguð voru héðan frá Hallorpsstað, en varð að bíða lengi árangurslaust eftir veðri til þess að ljúka tökunni hér. Hann kom aftur seinni hluta ágúst til þess að reyna að ljúka verkinu, en sólin lét ekki sjá sig.

Allmikil vinna fór í að aðstoða hann og útbúa handa honum hjálparmeðöl. Oft vantaði bara herzlumuninn á, að hann fengi hið óhákvæmilega sólskin - var það raunar marga daga bannig - og burfti þá mannskapur að vera til taks að aðstoða hann. Þetta kom auðvitað oft illa við vinnutilhögun í öðrum greinum.

Samkomur í Atlavík. Tvær samkomur voru að þessu sinni haldnar í Atlavík. Héldu Framsóknarmenn hina fyrri um 2. helgi júlfí, en UIA hina um verzlunarmannahelgina.

Að báðum samkomunum var meðferð áfengis og ölvun bönnuð í skóginum yfir samkomuhelgarnar á sama hátt og gert var á UIA-samkomunni sumarið áður um verzlunarmannahelgina.

Mikið fjölmenni var á báðum samkomum og framkvæmd áfengisbanniðins tókst mjög sæmilega á hinni fyrri og afbragðsvel á hinni síðari.

Virðist nú einsýnt, að ekki verði haldnar samkomur öðru vísi en með þessu sniði hér í skóginum.

Ferðafólk og gestir. Mun minna var nú um ferðafólk hér en undanfarin sumur. Það var aldrei verulega margt um ~~XXX~~ tjaldgesti í Atlavík, ef frá eru taldir samkomudagarnir, og eftir júlíveðrið mikla og eftirfylgjandi kuldakast var bara fátt fólk þar.

Við reyndum alltaf að halda Víkinni vel hreinni í sumar og fengum reyndar hrós fyrir það hjá Erlingi Davíðssyni í Dagi, að Atlavík væri einn snyrtilegasti tjaldstaður á landinu. Og ýmsir tjaldbúar létu ánægju sína í ljós. En þó var kvartað yfir einu: Pellar heitt var í veðri eftir miðjan júlí, kvartaði fólk yfir kömrunum og vondri lykt þar.

Eg ræddi kafmamálið mikið við Edvard Frederiksen hjá Ferðamálaráði. Þetta mál þarf nú rækilegrar athugunar og aðgerða við. Kann Edvard öll skil á því og hinni beztu lausn.

Við Jón Jósep Jóhannesson vorum sýningarmenn í skóginum í sumar og fórum með ýmsum hópum og einstaklingum að vanda. Eg nefni eftirtalda:

17. júní. Kelvin Palmer leikstjóri frá Englandi og fylgikona, ásamt Hilmari Hálfðánarsyni verðgæzlumanni á Reyðarfirði og konu hans.
19. " Giðle Espolin Jonsson íþróttakennari frá Oslo ásmmt Porkeli Steinari Ellertssyni á Eiðum.
21. " Bændaför Austur-H=unvetninga, 43 páttakendur, undir leiðsögn Ragnars Ásgeisssonar og Péturs á Höllustöðum í Blöndudal. Þessum hópi voru boðnar veitingar í Mörkinni.
30. " Stöðvarstjórinna í Laxárvirkjun í Þingeyjarsýslu og frú.
1. júlí. Ferðamannahópur frá Lönd og leiðir. 15 manns.
2. " Barnaskólinn í Borgarfirði eystra, 22 börn undir leiðsögn Sigurðar Ó. Pálssonar kennara.
4. " Erlendur ferðamannahópur frá Lönd og leiðir. 25 manns.
6. " Ferðamannahópur frá Ferðaskrifstofu ríkisins. 23 "
8. " Erlendur ferðamannahópur frá Lönd og leiðir. 25 "
12. -13. " Enskir skógræktarmenn, 11 talsins, í fylgd Baldurs Þorsteinsonar.
13. -15. " 3 þýzkir skógræktarfrömuðir, Klose, ~~HENNAK~~ Hesmer og Ruff í fylgd skógræktarstjóra og Hauks Ragnarssonar.
16. " Haraldur Sigurðsson bókavörður úr Reykjavík, kona hans og norsk kennslukona.
17. " Barnaskólinn á Borgarfirði eystra, 15 börn, í fylgd Sigurðar Ó. Pálssonar kennara.
19. " Erlendur ferðamannahópur frá Ferðaskrifstofu ríkisins. 25 manns.
23. " Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri.
23. " Einar Andrésson verzlunarmaður úr Reykjavík, Sigurður Ármannsson endurskoðandi og konur þeirra.
27. " Erlendur ferðamannahópur frá Lönd og leiðir. 18 manns.
29. " Ingi R. Helgason lögfræðingur úr Reykjavík og frú ásamt enskum lögfræðingi og konu hans.
1. ág. " Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi og kona hans.
1. " Hannes Pálsson bankafulltrúi úr Reykjavík og kona hans.
6. " Professor Morten Lange frá Kaupmannahöfn og kona hans.
8. " Erlendur ferðamannahópur frá Ferðaskrifstofu ríkisins.
28. " Fjölmennur hópur aldraðs fólks frá Eskifirði í fylgd Þorleifs Jónssonar sveitarstjóra, og Kristjáns Ingólfssonar og Steins Jónssonar hreppsnefndarmanna.
1. sept. Einar Hálfðánarson verkamaður frá Höfn í Hornafirði, félagi minn úr Norgesför 1964.
15. okt. Ástráður Þórðarson og Svaðar Benediktsson mýrarameistarar úr Reykjavík.
21. " Fjárveitinganenfd Alþingis, hagsýslustjóri, stjórn Skf. Íslands og erindreki, ásamt fleiri gestum, í fylgd skógræktarstjóra.

23. okt. Stefán Jasonarson í Vorsabæ og Ármann Pétursson framkvæmdastjóri Umf. Íslands.
26. -27. " Dr. Kristian Björk frá Det norske Skogforsöksvesen og Vilhelm Kjölby skógráður frá Banmörku.

Hallormsstað, 2. febrúar 1967.

Sig. Blöndal